

Skipulags- og byggingarráð - 671 (26.2.2019) - Óseyrarbraut 16 - 20, deiliskipulagsbreyting

Málsnúmer : 1810241

Málsaðili : Malbikunarstöðin Hlaðbær-Col hf

Niðurstaða (stutt) : Vísað til nefndar

Fundardagur : 26.02.2019

Inngangur : Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. sótti um á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 23.10.2018, að sameina lóðirnar Óseyrarbraut 16 og 20. Óskað er eftir breytingu á deiliskipulagi lóðanna, sem felur í sér sameiningu lóðanna, breytingu á byggingarreit, nýtingarhlutfall verði 0,3 og að kvöð um lagnir á milli lóðanna tveggja verði felld niður.

Skipulags- og byggingarráð samþykkti þá framlagða tillögu að breyttu deiliskipulagi. Lögð fram ný breytt tillaga sem gerir grein fyrir breyttum innkeyrslum auk framgreindra atriða.

Niðurstaða : Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagðar breytingar á deiliskipulagsupprætti Mannvits ehf. dags. feb. 2019 og að tillagan verði auglýst í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Jafnframt er lagt til við hafnarstjórn að staðfesta framangreinda samþykkt og gera tillögu til bæjarstjórnar til staðfestingar.